

Nr. 30/1901

Sigurður Thoroddsen
 gegn
 W. Ó. Breiðfjörð.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, verkfræðingur Sigurður Thoroddsen, gegn stefnda, kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur útaf grein einni í blaðinu »Reykvíkingur« X. árg. 8. tölubl., sem kom út 1. ágústmán. f. á, með fyrirsögninni: »Enn um vegi og rennur hér í bænum«, en átrýjandi áleit, að í grein þessari, sem var nafnlaus, og fyrir því á ábyrgð hins stefnda, útgefanda blaðsins, væru saknæm meiðyrði og aðdróttanir til sín. Málinu var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttarins, uppkveðnum 28. marz þ. á., og var stefndi sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. júlí þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur í laganna þyngstu sekt fyrir áminst óvirdandi og móðgandi ummæli um áfrýjanda í blaðinu »Reykvíkingur«, að hin átöldu meiðyrði verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 5. ágúst þ. á., og krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, þó með breytingu á málskostnaðarákvæði hans, með því að gagnáfrýjandi

gerir kröfu til endurgjalds málskostnaðar fyrir báðum réttum með einhverri nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Í nefndri grein í blaðinu »Reykvíkingur« með yfirskriftinni: »Enn um vegi og rennur hér í bænum«, er mjög fundið að ráðstöfunum bæjarstjórnar og veganefndar, snertandi vegamál bæjarins og önnur skyld mál, og er síðan farið eftirnefndum orðum um aðaláfrýjanda, sem þá var bæði í bæjarstjórn og veganefnd: »og illa þykir oss rætast loforð S. Thoroddsens á undirbúningsfundunum undir bæjarstjórnarkosningarnar seinast, þar sem hann sagðist skyldi gera miklu meira að vegabótum í bænum fyrir miklu minna fé en áður hefði verið til þeirra varið; — en vera nú á fyrsta árinu því nær búinn með alt vegaféð, en hafa þó fátt eða ekkert látið gera af því, sem átti að gera; slíkt kalla menn, mildast sagt, þö lofa upp í ermina á sér sjálfum; en hvað kemur ekki loforða-landfarsóttin mönnum til að gera«. Þessa málsgrein alla telur aðaláfrýjandi móðgandi og meiðandi fyrir sig; en þó að það sé hér borið á hann, að hann hafi á undan bæjarstjórnarkosningum þeim, er minst er á, lofað meiri framkvæmdum á vegabótum en síðar hafi gerðar verið, og að hann þannig hafi lofað upp í ermina á sér, þá er eigi með þessu dróttað að áfrýjanda, að hann hafi gert nokkurt það verk, er mundi gera hann óverðugan virðingar samþegna hans, og að öðru leyti er áburðurinn eigi þess eðlis, að hann hljóti að verða virðingu aðaláfrýjanda til hnekkis, né svo móðgandi eða ó-

virðandi, að hann eigi að varða við lög. Það verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í þessu máli, eins og undirdómarinn hefir gert. Það þykir og rétt að málskostnaður í héraði falli niður, því að málshöfðunin verður eigi kölluð tilefnislaus, og ber þannig að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. En eftir úrslitum málsins virðist aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjandi Sigurður Thoroddsen verkfræðingur greiði gagnáfrýjanda W. Ó. Breiðfjörð kaupmanni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

